

- 28** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasamlags- og styrktarsjóð 18. apríl Súðavíkurhrepps“, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra, 18. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasamlags- og styrktarsjóð Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasamlags- og styrktarsjóður Súðavíkurhrepps. Sjóðurinn er stofnaður árið 1929 af Jóni V. Hermannssyni, bónda í Súðavík, og Grími, bónda í Súðavík, syni hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500,00 — fimmtán hundruð — krónur. Skal sjóðurinn ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða annari jafntryggri peningastofnun.

Í næstu 25 árin frá stofnun sjóðsins skulu allir vextir lagðir við höfuðstólinn. Að þeim tíma liðnum má verja allt að helmingi vaxtanna samkvæmt tilgangi sjóðsins, en hinn hluti þeirra leggst við höfuðstólinn.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. að veita hjálp ungu og gömlu fólki búsettu í Súðavíkurhreppi, er verður fyrir veikindum, enda njóti það ekki slysabóta eða annarar slíkrar hjálpar úr opinberum sjóðum á sama tíma. Hjálpin skal fólgin í greiðslu upp í kostnað við læknisvitjanir, lækniáðgerðir, lyfjakaup og sjúkrahúsvist, og þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að fé er fyrir hendi.
- b. að veita hjálp með dagpeningum, ef þurfa þykir, konu, börnum eða öldruðum foreldrum hinna sjúku, hafi þau verið á framfæri þeirra.

4. gr.

Sjóðurinn sé undir yfirumsjón sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, er fái árlega fyrir aðalfund sinn reikning sjóðsins til endurskoðunar og samþykkis; reikningunum skal fylgja sundurliðuð skrá yfir styrkveitingar úr sjóðnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal sóknarpresturinn vera sjálfkjörinn formaður. Hinir tveir skulu kosnir á almennum opinberum hreppsfundi til þriggja ára í senn.

Þegar almenn óstéttbundin sjúkra- og styrktarsjóðsstarfsemi hefst í Súðavíkurhreppi, getur sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ákveðið, að aðalfundur í

félagi því, sem heldur uppi þeirri starfsemi, kjósi tvo menn í stjórn sjóðsins í stað hreppsnefndar.

28
18. apríl

6. gr.

Stjórn sjóðsins ávaxtar fé hans, annast um úthlutun úr honum til styrkþega, hefir reikningshald hans á hendi og önnur almenn störf fyrir hann.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal færa í sérstaka bók.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Súðavík, 18. marz 1933.

Grímur Jónsson.

REGLUGERÐ

29
22. apríl

um beitarafnot og beitargjald í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Beitarsvæðið, sem reglugerð þessi hljóðar um, nær yfir:

1. Grundarhólsland frá syðri merkjum Hóls og Grundarhóls yfir Múrhús að nyrðri merkjum téðra jarða, allt svæðið frá girðingu sandgræðslunnar og býlisins „Skeiði“ til fjalls.
2. Ytribúðaland frá merkjum Traðar og Ytribúða norður á Grjótleiti á Stigahlíð, að merkjum Ytri-Búða og Hóls, allt svæðið frá hinum útmældu og girtu lóðum til fjalls.
3. Fjörubeitarsvæðið í landi Grundarhóls og Ytribúða.

Hreppsnefndinni er, eftir sem áður, heimil útmæling á beitarasvæðinu til ræktunar og bygginga.

2. gr.

Íbúum á verzlunarlóð Bolungarvíkur, svo og íbúum Skeiðis og annara slíkra býla, sem síðar kunna að verða reist í landi hreppsins utan takmarkalínu verzlunarlóðarinnar, er heimil beit á svæðinu fyrir skepnur þær, sem þeir hafa undir höndum. Stórgripum má þó ekki beita á Ytribúðaland, meðan núverandi ábúandi býr á jörðinni, nema samþykki hans komi til.

3. gr.

Fyrir allan pening, sem alinn er yfir veturinn á svæði því, er 2. gr. tilgreinir, skal árlega greiða gjald í sveitarsjóð Hólshrepps sem hér segir:

a. Fyrir nautgripi, veturgamla og eldri	kr. 8.00
b. Fyrir hesta, veturgamla og eldri	— 16.00
c. Fyrir geitfé	— 0.50
d. Fyrir sauðfé	— 0.30